

115 herbergjanna að láta hreinsa eins oft og þörf krefur, og er sú hreinsun sótara óvið-
26. júní komandi.

4. gr.

Sótara er skylt að líta eftir því þegar hreinsun fer fram, hvort eldstæði og reyk-
háfar eru í því ástandi, sem krafizt er í gildandi lögum um brunamál, og ber að til-
kynna umboðsmanni Brunabótafélags Íslands ef misbrestur er á slíku.

5. gr.

Hreinsunargjald fyrir hvern reykþáf skal í hvert skipti vera:

Fyrir hverja hæð í húsi 1 króna, en 50 aurar fyrir kjallara og ris, sem ekkert eld-
stæði er í.

Íbúðarkjallari og íbúðarris telst hæð í húsi.

Verði ágreiningur um gjaldhæð samkvæmt þessu, leggur hreppsnefnd fullnaðar-
úrskurð á málið.

Eigandi húss ber ábyrgð á greiðslu gjaldsins, ennfremur leigjandi, ef hann býr
einn í húsinu. Gjaldið greiðist sótara þegar eftir hverja hreinsun, nema hreppsnefnd
geri á því aðra skipun.

Hreinsunargjaldið má taka lögtaki eftir hverja hreinsun.

Reglugerð þessi er hér með sett samkvæmt lögum nr. 85 22. nóvember 1907 og
tillögum hreppsnefndar Borgarneshrepps til að öðlast gildi 1. október 1940 og birt
til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 26. júní 1940.

Stefán Jóh. Stefánsson.

Páll Pálmason.

116 Staðfesting ráðuneytis Íslands á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Steinunnar
28. júní Auðbjargar Jónsdóttur frá Eyvindarhólum, útgefin á venjulegan hátt 28. júní 1940
af dóms- og kirkjumálaráðherra.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

Minningarsjóðs Steinunnar Auðbjargar Jónsdóttur frá Eyvindarhólum.

1. gr.

Sjóðurinn skal heita Minningarsjóður Steinunnar Auðbjargar Jónsdóttur frá
Eyvindarhólum, fæddar 23. ágúst 1871, dáinnar 6. nóvember 1919.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er 1000 kr. í bankavaxtabréfi veðdeildar Landsbanka Íslands, að
nafnverði, gefið af eftirlifandi eiginmanni Steinunnar, Ólafi Ólafssyni, kaupmanni í
Vestmannaeyjum, og gjafir er sjóðnum kynni að berast síðar.

Greindu bankavaxtabréfi skal komið í peninga, og skal andvirði þess og nú óút-
teknir vextir af því, lagðir í aðaldeild Söfnunarsjóðs Íslands.

Höfuðstól sjóðsins, er þannig myndast, má aldrei skerða. Vextina óskerta skal leggja við höfuðstólinn, þar til $\frac{4}{5}$ vaxtanna eru orðnir 50 kr. Upp frá því skal $\frac{1}{5}$ árs-
vaxtanna leggjast við höfuðstólinn, og það meira af þeim, er nemur því, að styrksupp-
hæð standi jafnan á tug króna. 116 28. júní

Gjafir, sem sjóðnum kynni að berast síðar meir, skulu jafnan lagðir við höfuðstólinn og ávaxtast í aðaldeild Söfnunarsjóðs Íslands.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja efnalítla búendur, konur jafnt sem karla, í núverandi Austur-Eyjafjallahreppi í Rangárvallasýslu.

4. gr.

Þegar $\frac{4}{5}$ ársvaxtanna eru orðnir 50 kr., skal veita styrk úr sjóðnum, og má styrk-
upphæðin aldrei vera minni en 50 kr. Skal styrkveitingin fara fram í nóvembermán-
uði ár hvert, eða sem næst dánardægri Steinunnar.

5. gr.

Stjórn sjóðsins tilnefnir árlega hvern eða hverja búendur hún telji eiga að vera
styrks aðnjótandi. Ber henni við valið að fara eftir sjálfsbjargarviðleitni væntanlegs
styrkþega og orsaka efnaleysis hans. Stjórn sjóðsins tilkynni stjórn Söfnunar-
sjóðs Íslands nafn og heimilisfang þess eða þeirra, sem hún velur, en stjórn Söfnunar-
sjóðsins sendi síðan styrkinn í peningum beint til styrkþega. Veita má sama manni
styrk oftan en einu sinni.

6. gr.

Sjóðnum stjórnar þriggja manna nefnd, og eru sjálfkjörnir í hana hreppstjóri
Austur-Eyjafjallahrepps og þjónandi sóknarprestur þeirrar sóknar, sem jörðin Ey-
vindarhólar tilheyrir, en hinn þriðji, karl eða kona, heimilisfastur í Austur-Eyja-
fjallahreppi, sem hinir sjálfkjörnu stjórnarnefndarmenn verða árlega ásáttir um að
taka með sér í nefndina. Verði ágreiningur um val á þriðja manni í stjórn, skal hann
tilnefndur af sýslumanni Rangárvallasýslu. Hreppstjóri skal vera formaður stjórnar-
nefndarinnar. Stjórn sjóðsins hefir á hendi reikningshald hans, en endurskoðendur
hreppsins skulu endurskoða reikning sjóðsins, og liggi hann síðan frammi með
hreppsreikningum, almenningi til athugunar.

7. gr.

Þeir, sem starfa fyrir sjóðinn, fá enga þóknun fyrir starfa sinn.

8. gr.

Leita skal konunglegrar staðfestingar á skipulagsskrá þessari.

Vestmannaeyjum, 6. nóvember 1939.

Ólafur Ólafsson.